

Skipulagsfulltrúi Rangárpings ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

18.12.2020
2020-12-57/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um tillögu að deiliskipulagi fyrir Sólstað/Klettholt í Rangárpingi ytra

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Sólstað/Klettholt í Rangárpingi ytra er auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 30. desember 2020. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir byggingum sem tengjast landbúnaði.

Landsneti hefur ekki borist umsagnarbeiðni um skipulagslýsingu né auglýsta skipulagstillögu.

Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun og mun umsögn Landsnets fyrst og fremst taka afstöðu til málefna sem snúa að því.

Hellulína 1, sem er 66 kV loftlína á vegum Landsnets, liggur um skipulagssvæðið. Línan og 25 m breitt helgunarsvæði eru sýnd á skipulagsupprætti. Lóðirnar Sólstaðir, Stóru-Skógar og Kaldakinn 2 ásamt aðkomuvegum eru að hluta innan helgunarsvæðisins en byggingarreitir eru utan þess. Ekki er fjallað um háspennulínuna í greinargerð deiliskipulagsins.

Landsnet bendir á að í deiliskipulagi þarf einnig að gera grein fyrir þeim kvöðum sem gilda um helgunarsvæði háspennulínunnar. Setja þarf ákvæði um umgengni og framkvæmdir á og við svæðið. Tryggja þarf að helgunarsvæði línunnar sé virkt. Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann sem þýðir að á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki. Einnig er skógrækt takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Nauðsynlegt er að tryggja greiðan aðgang að línum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Mikilvægt er að lóðarhafar séu upplýstir um þessi ákvæði.

Áhrifasvæði loftlína vegna landnotkunar miðast við helgunarsvæði línunnar. Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd svæðisins fer m.a. eftir spennu, hæð mastra og bili milli mastra.

Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð* sem er að finna á heimasíðu Landsnets.¹

Að öðru leyti gerir Landsnet ekki athugasemdir við auglýst skipulag.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

¹ <https://www.landsnet.is/library/Skiol/FramkvAemdir/H%C3%A1spennul%C3%ADnur-A%C3%B0g%C3%A1t-skal-h%C3%B6f%C3%B0.pdf>

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson